



Umboðsmaður barna
Sent með rafrænum hætti

Dagsetning 31. október 2024
Málsnúmer HRN24020198

Miðlægur biðlisti fyrir börn eftir þjónustu talmeinafræðinga

Heilbrigðisráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns barna þann 26. febrúar sl. Í bréfinu óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um hver áætlaður biðtími er nú eftir þjónustu talmeinafræðinga. Einnig óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort og þá hvenær standi til að koma á miðlægum biðlistum eins og ítrekað hefur verið boðað. Umboðsmaður óskar jafnframt eftir aðgangi að skýrslum tveggja starfshópa sem stofnaðir voru á vegum heilbrigðisráðherra, annars vegar í nóvember 2021 og hins vegar í maí 2023.


Áætlaður biðtími eftir þjónustu talmeinafræðinga

Í mars sl. óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir því við Sjúkratryggingar Íslands að gerð yrði úttekt á stöðu barna á biðlista til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga líkt og gerð var í desember 2021. Beðið var um fjölda barna á biðlista og kennitölur svo hægt væri að taka út tvítekningar, meðalbiðtíma og hversu lengi börnin höfðu beðið. Einnig var spurt um forgangs röðun væri hún til staðar. Fæstir talmeinafræðingar skiluðu upplýsingum um tímalengd barna á biðlista og því er ekki hægt að upplýsa um þann þátt fyrirspurnarinnar. Í ágúst sl. óskaði ráðuneytið eftir nýrri úttekt á biðlistum til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga í ljósi þess að dregist hafði að svara fyrirspurn umboðsmanns.

Það hvort barn eigi rétt á talmeinaþjónustu frá ríki eða sveitarfélagi fer eftir ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2014 sem byggir á bæði málþroskatölu og aldri. Sveitarfélögunum er þannig ætlað að sinna börnum með vægari vanda en þau sem hafa umfangsmeiri vanda er sinnt af sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum. Þrátt fyrir ábyrgðarskiptinguna geta foreldrar sem hafa áhyggjur af málþroska barna sinna skráð barnið á biðlista eftir þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðings, þó veiting slíkrar þjónustu sé háð tilvísun frá heilsugæslu. Ekki fæst greiðsluþátttaka frá Sjúkratryggingum Íslands nema barn falli undir skilmerki ábyrgðarskiptingarinnar.

Eftirfarandi niðurstöður eiga einungis við um þau börn sem eru á biðlista eftir þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðings og ættu því að falla undir skilgreiningu rammisamnings Sjúkratrygginga Íslands og talmeinafræðinga, þó það fái ekki staðfest fyrr en talmeinafræðingur hefur fengið tilvísun frá heilsugæslu og staðfest greiningu við Sjúkratryggingar. Ekki er fjallað um þau börn sem eiga rétt á talmeinaþjónustu á vegum sveitarfélaga eða eru á bið eftir slíkri þjónustu.

Þann 14. mars 2024 voru 4998 börn á aldrinum 0-18 ára á bið eftir þjónustu talmeinafræðings (sjá mynd 1). Flest börn eru fædd á árunum 2017-2020, eða 52%.



Mynd 1: Skipting barna á biðlista í mars 2024, eftir fæðingarári

Meðalbiðtími barna eftir þjónustu er misjafn eftir stofum en hann er stystur á stofum á landsbyggðinni. Stystur er biðtíminn um 6-12 mánuðir að meðaltali en hjá stærstu stofunum á höfuðborgarsvæðinu er biðtíminn allt að 4 ár. Dæmi eru um að hætt sé að taka inn á biðlista vegna langs biðtíma og börn fá ekki tilvísun til talmeinafræðings frá heilsugæslu fyrr en komið er að þeim í þjálfun þar sem biðtíminn er svo langur að beiðnin úreldist á meðan beðið er. Samkvæmt upplýsingum frá starfsstofum talmeinafræðinga er ekki forgangsraðað eftir alvarleika vanda, né er áhersla lögð á yngri börn.

Þann 29. október 2024 var staðan sambærileg, en 4865 börn voru á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðings. Hjá stærstu stofnunum er algengt að biðlistar séu á bilinu tvö til fjögur ár en lengsta biðin er áætluð 4,5 ár.

Miðlægir biðlistar til talmeinafræðinga

Eitt af markmiðum ráfarandi ríkisstjórnar er að koma upp miðlægum biðlistum svo hægt sé með markvissum hætti að bæta aðgengi þar sem bið er eftir heilbrigðisþjónustu. Embætti landlæknis heldur utan um gögn úr rafrænum sjúkraskrákerfum og birtir slíka lista á vef sínum. Líkt og rakið er í fyrirspurn umboðsmanns þá hefur legið fyrir í nokkur ár að koma upp miðlægum biðlista fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga.

Frá því í febrúar sl. hefur ráðuneytið unnið að greiningu á þeim þáttum sem þurfa að vera til staðar svo hægt sé að koma upp slíkum biðlistum. Stefnt er að því að miðlægur biðlisti vegna þjónustunnar verði kominn í gagnid innan tveggja ára, en að mörgu er að huga til að tryggja að slíkur biðlisti veiti réttar upplýsingar um biðlistastöðu barna sem bíða eftir talmeinaþjónustu. T.a.m. nýta sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar ekki rafræn sjúkraskráningarkerfi og fara tilvísanir nú á milli heilsugæslu og starfsstöðva talmeinafræðinga í pappírformi. Auk þess þarf ekki tilvísun frá heilsugæslu til að skrá barn á biðlista hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi, svo óvíst er hversu mörg börn sem nú eru á biðlistum eru í raun í þörf fyrir 2. stigs talmeinaþjónustu.

Samhliða markmiðum um miðlæga biðlista inn í þjónustuna vinnur starfshópur á vegum ráðuneytisins að tillögum að breytingum á þjónustunni og boðferlum innan kerfisins til að tryggja

að börn fái rétta þjónustu á réttum stað m.t.t. þjónustuparfa og annarra þátta á borð við félagslegar aðstæður.

Líkt og fram kemur í erindi umboðsmanns fól heilbrigðisráðherra landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu að rýna stöðuna varðandi mönnun talmeinafræðinga og skilaði landsráð tillögum sínum í maí 2022. Í framhaldi af því sendi heilbrigðisráðuneytið erindi til háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins með afriti á Háskóla Íslands og Félag talmeinafræðinga á Íslandi. Þar var ákveðnum tillögum landsráðs vísað til ráðuneytis háskólamála auk þess sem heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því að skoðaður yrði sá möguleiki að fjölga námsstöðum í talmeinafræði, en einungis eru teknir inn 15 nemendur annað hvert ár í meistaranám í talmeinafræði. Unnið er að því að koma upp grunnnámi í talmeinafræði.

Greiningarverkefni: Í ljósi þess að börnum á biðlista eftir þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga hafði fjölgað um tæplega 1.300 frá desember 2021 hóf ráðuneytið vinnu við sérstakt biðlistaverkefni í samvinnu við embætti landlæknis, Sjúkratryggingar Íslands, talmeinafræðideild Háskóla Íslands og Félag talmeinafræðinga á Íslandi. Markmið verkefnisins er að ná utan um þann fjölda barna sem þurfa raunverulega á þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga að halda, þ.e. falli undir ábyrgð ríkisins í fyrrnefndri ábyrgðarskiptingu, ásamt því að forgangsraða börnum á biðlista eftir alvarleika. Þá er ætlunin að greina ástæður fyrir hraðri fjölgun barna á bið eftir þjónustunni og mögulegar leiðir til úrbóta innan kerfisins. Niðurstöður verkefnisins verða svo grunnurinn að miðlægu biðlistakerfi til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Undirbúningur verkefnisins er langt kominn og er stefnt á að framkvæmd þess hefjist á þessu ári, en gögnum verður m.a. safnað með rafrænum spurningalista og eftirfylgd.

Skýrslur starfshópa

Í nóvember 2021 stofnaði heilbrigðisráðherra starfshóp þriggja ráðuneyta, heilbrigðisráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem falið var að vinna heildstæðar tillögur um þjónustu talmeinafræðinga við börn. Litið var til þess að langstærstur hluti þeirra sem nýta sér þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga eru börn og mikilvægi þess að horfa heildstætt á þjónustuna í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og skapa þar með meiri samfellu í þjónustu við börn. Hópurinn skilaði greinargerð til ráðherra í maí 2022 þar sem helstu tillögur sneru að því að færa þjónustuna að mestu yfir á hendi sveitarfélaganna, yfirfara lög sem snúa að þjónustunni, skoða þörf fyrir þjónustu talmeinafræðinga innan heilbrigðiskerfisins, greina mönnunarþörf til framtíðar og skoða áherslur í tungumálakennslu barna með annað móðurmál en íslensku og aðkomu talmeinafræðinga að þeim stækkandi hópi barna. Greinargerðin fylgir með svari ráðuneytisins.

Í mars 2023 skiluðu Félag talmeinafræðinga á Íslandi og Samband íslenskra sveitarfélaga umsögnum um skýrsluna. Heilbrigðisráðherra ákvað í kjölfarið að setja á fót starfshóp sem hafði m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Kortleggja þá þjónustu sem veitt er innan sveitarfélaga annars vegar og hjá ríki hins vegar.
- Þarfagreina þjónustu innan sveitarfélaganna.
- Setja upp skýran þjónustuferil með áherslu á samþættingu þjónustu og samstarf milli kerfa.
- Skilgreina grunnþjónustu og hver á að veita hana.

Í hópnum sitja fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, Félagi talmeinafræðinga á Íslandi, Málefli, embætti landlæknis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratryggingum Íslands.

Hópurinn hefur ekki skilað tillögum sínum til ráðherra.

Guðlaug Eirþarsdóttir

skrifstofustjóri

F.h. ráðherra

Selma Margrét Reynisdóttir

sérfræðingur